

Garðhús 6. desember 2023

Alþingi

Atvinnuveganefnd Alþingis

v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

**Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 (framleiðendafélög), 505. mál, 154. löggjafarþingi.**

#### **Varðandi efni frumvarps.**

Bændur hafa verulega fundið á eigin skinni fyrir kröfu um hagræðingu í rekstri á síðustu misserum. Verulegum aðfangahækkunum hefur ekki verið hægt að velta úti verðlag og ásamt því að afurðaverð hefur verið lágt.

Það er því blóðugt fyrir bændur, sem hafa gert allt til að hagræða í eigin rekstri, að horfa á nýtingu afurðastöðva versna með hverju árinu sem líður. Minnkandi magn sem fer í gegnum hvert sláturhús leiðir af sér að kostnaður á hvert framleitt kg. hækkar á hverju ári og mun gera það áfram ef ekkert verður að gert.

Gríðarleg tækifæri felast í því að ná fram hagræðingu í afurðastöðvageiranum. Skilvirkasta og hraðvirkasta leiðin til að ná fram hærra afurðaverði til bænda er að draga úr kostnaði við slátrun og vinnslu. Skýrt fordæmi er í íslenskum mjólkuriðnaði þar sem aukið hagræði í rekstri hefur skilað sér nokkuð jafnt í vasa neytenda og framleiðenda.

Það er stórt hagsmunamál fyrir bændur og neytendur að liðkað verði fyrir samvinnu afurðastöðva í kjötiðnaði. Hér er kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að leggja hornstein að framtíðarsýn fyrir kjötframleiðslu á Íslandi.

Einar Kári Magnússon

Undirritaður kemur að rekstri sauðfjár- og nautgripabús að Halldórsstöðum í Skagfirði.